



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
6. fundur 2012 (31. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 14.12.2012 kl. 12 að Hótel Natura.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Magnús Stefánsson	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi

1. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008 – 2024

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Suðurnesja leggur fram með bréfi, dags. 13.11.2012, Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 til samþykktar hlutaðeigandi sveitarstjórna, hér skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, skv. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samvinnunefndin samþykkti tillöguna samhljóða á fundi sínum 12. nóvember 2012. Skipulagsgögnin eru greinargerð, dags. nóvember 2012, umhverfisskýrsla, dags. í nóvember 2012, viðbrögð samvinnunefndar við athugasemdom og greinargerð skv. 9. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Þegar allir hlutaðeigandi aðilar hafa samþykkt svæðisskipulagið, mun samvinnunefndin senda það til staðfestingar Skipulagsstofnunar.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkir Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024, ásamt umhverfisskýrslu.

2. Fundargerð RUMSK 21.11.2012 og fundargerð stjórnar ISAVIA 28.11.2012

Lögð var fram fundargerð RUMSK, dags. 21.11.2012, þar sem fjallað er um ýmis skipulagsmál flugvallarins, m.a. aðalskipulagsvinnu og svæðisskipulag Suðurnesja.

Lagt var fram erindi Stefáns Jónssonar, skrifstofustjóra yfirstjórnar Keflavíkurflugvelli, dags. 05.12.2012, þar sem greint er frá bókunum um skipulagsmál í fundargerð stjórnar ISAVIA, dags. 28.11.2012. Þar kemur m.a. fram að stjórnin samþykki svæðisskipulag Suðurnesja fyrir sitt leyti og heimili Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar að afgreiða málið með formlegum hætti f.h. Isavia.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar áréttar að nefndin er samkvæmt lögum nr. 76/2008 sjálfstætt stjórnvald sem afgreiðir skipulagstillögur á sveitarstjórnarstigi og þarf því ekki



heimild stjórnar Isavia til slíks. Samkvæmt lögnum kostar Isavia gerð deili- og aðalskipulagstillagna og leggur þær fyrir skipulagsnefndina til samþykktar.

3. Fálkavöllur 2 – breyting á deiliskipulagi, umsókn um stækkun flugeldhúss

Fyrir var tekin að nýju umsókn um stækkun flugeldhúss að Fálkavelli 2. Stækkunin fer út fyrir byggingarreit og er því breyting á deiliskipulagi forsenda stækkunarinnar.

Fram hefur farið grenndarkynning hjá lóðarhöfum eftirtalinna lóðam: Arnarvöllur 2, Arnarvöllur 3, Blikavöllur 1, Kjóavöllur 1, Kjóavöllur 4, Fálkavöllur 1, Fálkavöllur 2a, Fálkavöllur 3, Fálkavöllur 5, Fálkavöllur 7, Fálkavöllur 9, Fálkavöllur 11, Fálkavöllur 19.

Erindi í þessu sambandi bárust frá olúfélögnum N1, dags. 20.11.2012, og Skeljungu, dags. 15.11.2012, lóðarhöfum Fálkavallar 3 og Fálkavallar 5, en þau vörðuðu ekki deiliskipulagsbreytinguna sem slíka.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkir deiliskipulagsbreytinguna.

4. Umsögn um samþykkt byggingaráforma á Blikavelli 3

Lagt var fram erindi skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 07.12.2012, varðandi byggingarleyfisumsókn á Blikavelli 3 sem skipulagsnefndinni ber að veita umsögn um sbr. 6. m.gr. gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð. Um er að ræða breytingu á innra skipulagi hússins.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við byggingaráformin.

5. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 18.01.2013.

Fleira ekki gert, fundi slitið.